

Nr. 1009

8. desember 2009

GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi skal húseigandi greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ.

2. gr.

Rotþróargjald skal vera kr. 8.350 fyrir þrær undir 1.800 l að rúmmáli, kr. 11.429 fyrir 1.801 l til 3.600 l þrær, kr. 16.091 fyrir 3.601 l til 6.000 l þrær, kr. 20.820 fyrir 6.001 l til 9.000 l þrær og kr. 38.792 fyrir 9.001 l til 20.000 l þrær. Gjaldið miðast við að hreinsun og tæming rotþróa sé á þriggja ára fresti. Gjaldið fyrir frístundahús sem eru tengd 3.600 l pró eða minni skal vera samkvæmt lægsta gjaldi. Gjaldið tekur breytingum skv. byggingingarvítolu. Gjaldið miðast við vítolu desembermánaðar árið á undan. Byggingarvítolu í desember 2009 er 500,7 stig. Þar sem fleiri en einn aðili tengist rotþró er gjaldinu skipt á milli aðila. Einnig tekur gjaldið hlutfallslegum breytingum ef hreinsun og tæming rotþróa er tíðari en á þriggja ára fresti.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt var af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 8. desember 2009, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 26/2009.

Svalbarðsstrandarhreppi, 8. desember 2009.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2009